

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

5. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILID 2022-2026 11.11.2022

Árið 2022, Föstudaginn 11. nóvember 2022 kl. 9:00, var haldinn 5. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Kristján Rúnar Kristjánsson, Aníta Björk Pálínudóttir og Jónas Ólafur Skúlason.  
Yordan Slavov Yordanov var í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.  
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Erindi frá Hafliða Halldórssyni vegna útgáfu starfsleyfis til niðurrifs Eiðs ÍS 126 á Garðstöðum í Ísafjarðardjúpi dags. 3.11.2022.
3. Málefni heilsugæslu í Súðavík.
4. Lántaka vegna framkvæmda við uppbyggingu hafnar- og iðnaðarsvæðis við Langeyri.
5. Velferðarþjónusta í Súðavíkurbreppi – samstarf við Ísafjarðarbæ.
6. Útboð vetrarþjónustu – til kynningar.
7. Fjárhagsáætlun Súðavíkurbrepps 2023.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.  
*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.*
2. Erindi frá Hafliða Halldórssyni vegna útgáfu starfsleyfis til niðurrifs Eiðs ÍS 126 á Garðstöðum í Ísafjarðardjúpi dags. 3.11.2022.  
*Súðavíkurbreppur leggst gegn þeim áformum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða að gefa út starfsleyfi til niðurrifs á Eið ÍS-126 í landi Garðstaða sbr. drög að starfsleyfi frá dags. 3. október 2022. Þau áform eru í engu samræmi við þau samkomulög sem gerð hafa verið við landeigendur á Garðstöðum um að minnka fjölda bifreiða og magn brotajárns sem geymt er að Garðstöðum.*
3. Málefni heilsugæslu í Súðavík.  
*Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps krefst þess að heilsugæslunni í Súðavík verði sinnt þannig að lækni mæti þau skipti sem heilsugæslan á að vera opin, enda hefur orðið misbrestur þar á. Boð lækni um að sinna þeirri þjónustu er ekki vandamál Súðavíkurbrepps og er það skoðun sveitarstjórnar að úr því verði Hvest að bæta með öllum tiltækum ráðum.*

KRN

JOS

ABP

4. Lántaka vegna framkvæmda við uppbyggingu hafnar- og iðnaðarsvæðis við Langeyri.  
*Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps veitir sveitarstjóra umboð til lántöku hjá Lánasjóði Sveitarfélaga upp á allt að 200 milljónir króna með þeim kjörum sem þegar hafa verið kynnt.*  
*Endanleg afgreiðsla láns fari fyrir sveitarstjórn til samþykktar.*
5. Velferðarþjónusta í Súðavíkurhreppi – samstarf við Ísafjarðarbæ.  
*Mæting á fund – Margrét Geirsdóttir sviðstjóri Velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar kom inn á fundinn. Framtíðarfyrrirkomulag velferðarsamnings ræddar.*
6. Útboð vetrarþjónustu – til kynningar.  
*Byggingafulltrúa og sveitarstjóra falið að auglýsa útboð á vetrarþjónustu.*  
*Yordan vikur fundi eftir afgreiðslu þessa liðar.*
7. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2023.  
*Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2023 afgreidd.*

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:15

*Bragi Þór Thorodsen*

Bragi Þór Thorodsen

Yordan Slavov Yordanov

*Jónas Ó. Skúlason*

Jónas Ólafur Skúlason

*Aníta Björk Pálínudóttir*

Aníta Björk Pálínudóttir

*Kristján Rúnar Kristjánsson*

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti